

65. fundur dómara nefndar

Mættir: Jón Hjaltason (fjarfundur), Björn Valdimarsson, Elsa María Gísladóttir (fjarfundur), Hilmar Theodór Björgvinsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

Fundargerð 64. fundar dómara nefndar samþykkt samhljóða.

Mótastjóranámskeiðið - gögn um þau

Spurning er hvort hægt sé að nota gögn um mótastjórn sem koma frá Bandaríkjunum og aðlaga þau íslenskum aðstæðum. SÓG hefur unnið úr þessum gögnum og bendir á að út frá þeim megi smíða saman leiðbeiningar og laga að okkur. Þessi gögn geti síðan verið grunnur að námskeiði um mótastjórn.

Þjálfun á bakka á sundmóti

Atvik sem fram kom á ÍM25 rætt. Í þessu tilliti var um að ræða atvik hjá þjálfara. Þetta var óheppilegt og nefndin þarf að mynda sér skoðun á því hvernig taka á á málum sem þessum.

Í boðsundi hafði sundsveit þjófstartað og þjálfarinn hennar hljóp fram á bakkann til að segja keppendum í sveitinni að fara sér hægt því hún væru úr leik. Rætt var við þjálfara sem sá eftir atvikinu og baðst afsökunar. Hvert atvik verður að spilast eins og það gerist á staðnum. Í þessu tilfalli var þjálfari að þjálfva á bakka og þá er sveitin í raun ógild. Í hvert skipti sem sést til þjálfara að þjálfva á bakka í sundmóti þarf að taka á þessu. Framkoman er ekki viðeigandi. Besta leiðin er að ræða við fólkið beint og að allir sem eiga að bregðast við geri það á sama/svipaðan hátt.

Umsóknir á alþjóðleg mót

Búið er að senda út umsóknir á HM í Ungverjalandi og Indianapolis og á HM Masters. Stefnt er að því að tveir dómara fari á Smáþjóðaleikana í San Marínó. Allt er háð fjárhag SSÍ og öðrum þáttum sem viðkoma þátttöku á móti sem þessu.

Önnur mál

Viktoría segir frá því að níu nemar hafi sótt dómara námskeið í liðinni viku. Þrír hafa þegar lokið verklegum þætti, þrír hafa lokið fyrra hluta verklega þáttarins og þrír eiga það alveg eftir. Vonir standi til þess að þessir dómara skili sér á sundmót í framtíðinni.

Virðingarfyllt,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir